



**Svör við fyrirspurn frá Reyni Atla Jónssyni í 8 liðum vegna framkvæmda við höfnina.
Svörin eiga við 1. áfanga dýpkun og fyllingu í höfninni. Einnig er gerð grein fyrir áfanga 2 og 3.**

Fyrirspurnin var send 29. september og stíluð á sveitarstjórn. Á fundi sveitarstjórnar þann 16. okóber var undirrituðum falið að svara spurningunum. Sveitarstjóri fór fram á frest á svörum til 22. október.

Í meðfylgjandi skjölum er ítarefni við svörum við spurningunum en spurningarnar voru þessar.

1. Upphaflega kostnaðaráætlun sem lá til grundvallar ákvörðun sveitarstjórnar um að ráðast í verkefnið, sundurliðað niður á hönnunar- (þ.m.t. skipulagskostnað), framkvæmda- og eftirlits- og annan kostnað.
2. Heildarkostnaður framkvæmda við höfnina hingað til, sundurliðað eftir verkþáttum (t.d. dýpkun, landfylling, hafnargarður, aðkoma o.fl.).
3. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins samkvæmt gildandi áætlunum.
4. Afrit af verksamningum sem sveitarfélagið hefur gert vegna verkefnisins.
5. Staða verkefnisins í dag (framvinda, lokið verkhlutum, eftirstöðvar).
6. Áætlaðar eftirstöðvar verks bæði í umfangi og kostnaði.
7. Yfirlit yfir fjármögnun og kostnaðarskiptingu milli aðila (ríki, sveitarfélag, hafnarsjóður, Ísfélagið o.fl.).
8. Önnur atriði sem þið teljið skipta máli fyrir heildarmynd verkefnisins.

Svör við spurningum:

1. Upphafleg kostnaðaráætlun sem lá til grundvallar ákvörðunar sveitarstjórnar og hafnarstjórnar um að ráðast í verkefnið var samkvæmt verðkönnun upp á samtals 144.660.000.- m.vsk. og hlutur hafnasjóðs 55% eða 79.254.268.- m.vsk. en auk þess annar kostnaður utan verðkönnunar kr. 75.515.501.- m.vsk. og þar af var gert ráð fyrir hlut hafnasjóðs 21.817.007.- m.vsk. Þar var um að ræða hluta af kostnaði við bílastæði, lagnir, færslu Hafnarhúss, bátabryggju, ljósamöstur, undirstöður trébryggju, verkefnastjórn sem varðaði þau verkefni sem sneru að sveitarfélaginu.

Heildarkostnaður hafnasjóðs var því áætlaður 101.071.275.- m.vsk eða 81.509.063.- án vsk.

Framvindureikningar sýna að greiddar hafa verið 86.831.731.- án vsk. Af öðrum kostnaði og aukaverkum hafa bæst við 11.077.179.- án vsk. sem hafa verið greidd eða samtals kr. 97.908.910.- án vsk.

Rétt er að geta þess að ekki hefur farið fram fullnaðaruppgjör á liðnum „Annar kostnaður utan verðkönnunar“ og á aukaverkum. (Síða 1)

2. Heildarkostnaður við höfnina hingað til kemur fram í svari við spurningu 1. Sundurliðun kostnaðar er á síðu 2. Eins og áður segir hefur ekki farið fram lokauppgjör vegna „Annars kostnaðar utan verkáætlunar“ og hugsanlegum aukakostnaði.

3. Endanlegt uppgjör þessa fyrsta áfanga hefur ekki farið fram. Gildandi áætlanir verkefnisins hafa því ekki breyst að öðru leiti en því að gera má ráð fyrir að heildarkostnaður breytist til hækkunar / lækkunar þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir vegna „Annars kostnaðar utan verðkönnunar“ og aukaverka.

4. Undirritaður verksamningur við aðalverktaka er fylgiskjal með gögnum.



Langanesbyggð Sveitarstjórn

5. Lokið er við 1. áfanga við framkvæmdir á „Dýpkun hafnarinnar, fylling og farg“ við höfnina samtals 4200m² fylling með fláa meðfram fyllingu þar sem gert er ráð fyrir trébryggju í framhaldi af nýrri aðkomu eftir Bryggjuvegi. Reknir hafa verið staurar undir trébryggju og verið er að ganga frá bílastæðum.

Unnið er að nýrri hnitsetningu lóða við höfnina og gerð merkjalýsinga miðað við breytt skipulag. Um er að ræða um það bil 30 – 35 þús. m² en af því var úthlutað árið 2020 lóðinni Eyrarvegur 12 samtals 11.695m² (meðfylgjandi) Eftir stendur að gera merkjalýsingar fyrir rúmlega 20 þúsund m².

6. Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir lagningu Bryggjuvegar en kostnaðaráætlun fylgir með í fylgiskjöllum. Heildarkostnaður er áætlaður 31.633.250.- m.vsk. Í öðrum áfanga er einnig gert ráð fyrir að gerð verði timburbryggja úr harðviði meðfram fyllingu en kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 241.700.000.- Ákveðið var að fara í sameiginleg innkaup á harðviði þar sem gera þarf við timburbryggju við löndunarhús sem Vegagerðin kostar. Umsókn hefur verið lögð fyrir Vegagerð varðandi Bryggjuveg og trébryggju sem væntanlega fer til afgreiðslu hjá samgöngunefnd Alþingis. Í þessar framkvæmdir verður ekki farið nema Vegagerðin og þar með ríkið greiði sinn hluta framkvæmdanna sem þeim er heimilt samkvæmt hafnarlögum.

Í þriðja áfanga er gert ráð fyrir lengingu austur/vesturgarðs um allt að 100m. Sótt hefur verið til Vegagerðarinnar um framlag til þeirrar framkvæmdar samkvæmt hafnarlögum en gróf kostnaðaráætlun er upp á um 800 m.kr. Sú umsókn fer fyrir samgöngunefnd Alþingis og inn í samgönguáætlun ef nefndin verður við þeirri umsókn.

7. Samkvæmt framlögðum gögnum er kostnaður hafnasjóðs orðinn 97.908.910.- Framlag Vegagerðarinnar er hingað til er 24.070.000.- þannig að nettóframlag hafnasjóðs er kr. 73.838.910.- Greiðsla byggingaleyfisgjalda vegna frystiklefa kr. 29.018.000.- eru tekjur sveitarsjóðs en ekki hafnasjóðs.

Hluttur Ísfélags í sameiginlegri verðkönnun og verksamningi var 45% af tilboði eða 65.097.000.- auk hlutar í öðrum kostnaði utan verðkönnunar 29.881.000.- Ekki er hægt að svara því hver endanlegur kostnaður Ísfélags er en félagið hefur staðið við allar greiðslur samkvæmt verðkönnun. Hafnarsjóður getur ekki kafið félagið um upplýsingar um hve mikið félagið hefur greitt að auki.

8. Höfnin er lífæð samfélagsins á Þórshöfn og útsvarstekjur af sjávarútvegi eru 44% af heildarútsvarstekjum samkvæmt könnun Vífils Karlssonar. Breytingar á heimsviðskiptum, flutningum á milli landa og geymslu birgða hafa gert það að verkum að erfiðara er að hafa lager í útlöndum sökum kostnaðar. Hagkvæmara er að hafa lager á Íslandi og flytja afurðir til kaupenda jafn óðum út og þær seljast. Til þess þarf stórar frystigeymslur. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa þær aðstæður í höfninni að hún sé samkeppnisfær við aðrar hafnir.

Sundurliðun kostnaðar hafnarsjóðs við dýpkun og fyllingu m.vsk samkvæmt verðkönnun

Aðstoðusköpun		7.889.268 kr
Jarðvinnu, þ.m.t. grjótvörð		45.660.000 kr
Losun á klöpp við dýpkun		6.000.000 kr
Fylling á byggingareit		16.500.000 kr
Landskiptar		300.000 kr
Tímavinna		2.905.000 kr
		79.254.268 kr
Annar kostnaður utan verkáætlunar		21.817.007 kr
M.vsk.		101.071.275 kr
Án vsk		89.660.002 kr

Óuppgerður er ýmis kostnaður undir þessum lið s.s. bílastæði, lagnir og færsla mannvirkja, undirstöður trébyggingu, eftirlit, mælingar o.fl. en heildarkostnaður þessa liðar í áætlun er 21.817.007,- Sjá kostnaðaráætlun verðkönnunar hér fyrir ofan.

Framlög Vegagerðar til framkvæmda 2024-2025		
Framlag Vegagerðarinnar 2024 vegna dýpkunar	10.000.000	
Framlag Vegagerðarinnar 2024 vegna dýpkunar	5.341.000	
Framlag Vegagerðarinnar 2025 vegna dýpkunar		8.729.000
Beinn nettó framkvæmdakostnaður hafnarsjóðs að fráðregnum framlögum VG	71.794.270	5.207.005
Aðrar tekjur vegna hafnarframkvæmda		
Byggingaleyfisgjöld vegna frystiklefa	29.018.000	
Nettó framlag sveitarfélagsins / hafnarsjóðs til framkvæmda 2024 og 2025	42.776.270	
Framtíðartekjur sveitarsjóðs vegna fasteignagjalda af frystiklefa pr. ár.		
	C.a.	10.000.000

Samgönguáætlun hefur ekki verið samþykkt á Alþingi:
 Sótt var um framlög til Vegagerðarinnar vegna eftirfarandi:
 Framlög vegna dýpkunar 2024 85% af 51.660.000 = 43.911.000. Þar af greitt 15.341.000.
 Framlög vegna nýrrar aðkomu 18.979.950.-
 Framlög vegna nýrrar trébryggju 145.020.000
 Framlög vegna lengingu hafnargarðs 480.000.000

Áfangi 2 - ný aðkoma og trébryggja

	Heild	Vegagerð 60%	Hafnarsjóður 40%
Frumkostnaðaráætlun við gerð nýrrar aðkomu skv. meðfylgjandi kostnaðaráætlun	31.633.250	18.979.950	12.653.300
	Heild	Vegagerð 60%	Hafnarsjóður 40%
Frumkostnaðaráætlun við gerð nýrrar trébryggju skv. með fylgjandi kostnaðaráætlun	241.700.000	145.020.000	96.680.000
Alls kostnaður 2. áfangi	273.333.250	163.999.950	109.333.300

Áfangi 3 - áætlaður kostnaður vegna lengingar hafnargarðs

	Vegagerð 60%	Hafnarsjóður 40%
Vegagerðin hefur áætlað kostnað	800.000.000	480.000.000 kr
		320.000.000 kr

Samtals áætlaður kostnaður við 2. og 3. áfanga	1.073.333.250	643.999.950 kr	429.333.300 kr
---	----------------------	-----------------------	-----------------------

VERKSAMNINGUR

SAMNINGSADILAR

VERKKAUPI:

Ísfélag hf.
Langaneshafnir

kt. 660169-1219
kt. 650371-6239

VERKTAKI:

Skútaberg ehf

kt. 510108-0350

1. GREIN

VERKEFNI

Verkið felst í dýpkun á hafnarsvæði smábátahafnar, endurgerð grjótagarðs og fyllingu og feringu vegna 1. áfanga frystigeymslu á lóð Ísfélagsins. Verkið nefnist:

Dýpkun hafnarsvæðis– Fylling og farg

2. GREIN

SAMNINGSGÖGN

Verkið skal unnið í samræmi við þennan samning og eftirtalin gögn:

- Útboðsgögn, eins og þau eru tilgreind í útboðs- og samningsskilmálum mars 2024 og eru ákvæði útboðsgagna hluti af samningi þessum.
- Tilboðsblað verktaka dags. 04.04.2024 ásamt útfylltri og yfirfarinni (leiðrétttri) tilboðsskrá, sem er fylgiskjal A með samningi þessum.
- Bréf um staðfestingu á töku tilboðs dags. 18.04.2024 (í tölvupóst) sem er fylgiskjal B með samningi þessum.
- Verkáætlun (tíma- og greiðsluáætlun) sem er fylgiskjal D með samningi þessum.
- Fundargerðir skýringafunda milli verkkaupa og verktaka áður en verksamningur er undirritaður, hafi slíkir fundir farið fram, fylgiskjal E.
- Grunnur að verkmöppu gæðakerfis, sem verktaki leggur fram fyrir undirritun verksamnings.

Framantalin gögn eru hluti þessa samnings.

3. GREIN

SAMNINGSFJÁRHÆÐ

Samningsfjárhæð er, samkvæmt tilboði verktaka og með leiðréttingum samkvæmt ákvæðum útboðsgagna:

kr. 144.660.000,- með virðisaukaskatti

skrifað, eittundraðfjörítíuogfjórarmilljónirsexhundruðogsextíuþúsund, 0/00

4. GREIN

FRAMKVÆMDATÍMI

Framkvæmdatími hefst strax og tilboði hefur formlega verið tekið og skal verkinu vera að fullu lokið eigi síðar en 17. júní 2024.

5. GREIN

ÁGREININGSMÁL

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Samningurinn er undirritaður rafrænt

F.h. verkkaupa

Nafn

F.h. verktaka

F.h. verktaka

Nafn

Nafn

Vitundarvottar:

POKSHOFN - dýpkun, fylling og fering
Skútaberg ehf, Sjalfræslí 2 - 603 Akureyri, kt. 530308-0350

		uppholdsdagur veikis		4/20/2024 (Saturday)		Póli Kunnáðsson		Display Week		1		Week 1		Week 2		Week 3		Week 4		Week 5		Week 6		Week 7		Week 8			
		verkskipi										15 Apr 2024		22 Apr 2024		29 Apr 2024		6 May 2024		13 May 2024		20 May 2024		27 May 2024		3 Jun 2024			
												15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 1 2 3 4 5		22 23 24 25 26 27 28 29 30 1 2 3 4 5		29 30 1 2 3 4 5		6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31		27 28 29 30 1 2 3 4 5		4 Jun 2024							
												Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun		Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun		Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun		Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun		Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun		Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun Mon Tue Wed Thu Fri Sat Sun							
VerMður	Verktáttur	Abrygð	Byrjun	Lok	Dagur	% Lóld	Vinnu gmr																						
1.1 Aðstaða og málningar																													
1.1.1 Aðstaða verkfæra																													
	Uppsæling aðstöðu																												
	Flúksur vinnuvæðis																												
	Vinnustaðarverkningar																												
	Fragangur í verklok																												
2	Jarðvinna																												
2.1.1	Uppúrtekt úr smábátanófn																												
	Sveði 1																												
	Sveði 2																												
2.1.2	Fjarlægja stóra malblök																												
	Fjarlægja malblök																												
2.1.3	Grjótvörn																												
	Fjarlægja grjótvörn																												
	Kjarni úr spjergu efni																												
	Endurræða grjótvörn																												
2.1.4	Uppúrtekt úr lög																												
	Gráðó fyrir burðarlæg																												
2.2	Losun bergs																												
2.2.1	Losun klappur í dýpkunarsvæði																												
	Losun á klöpp																												
2.3	Fyllingar																												
2.3.1	Fylling inn í byggingarelt																												
	Burðarlagsfylling 0/100																												
2.7	Önnur mannvirki																												
	Landslópul tekinn upp																												
	Landslópul settur niður																												
	Ymis hlíðarverk																												
2.7	Siglótur á fyllingu																												

LANGANESHAFNIR – ÍSFÉLAG HF.

**DÝPKUN HAFNARSVÆÐIS
FYLLING OG FARG**



VERÐKÖNNUN

MARS 2024

TILBOÐSBLAÐ

ÍSÞÉLAG hf. Og Langaneshafniróskar óska eftir tilboði í dýpkun á hafnarsvæði smábátahafnar, endurgerð grjóttgarðs og fyllingu og fergingu vegna l. áfanga frystigeymslu á lóð fyrirtækissins, Eyrarvegi 12 á Þórshöfn.

Óskað eftir tilboði dýpkun hafnarsvæðis og fyllingu og fergingu með grófu efni úr dýpkunarsvæði í Þórshafnarhöfn, jarðvegsskipti í byggingarsvæði og aðkeyrðu brotnu frostfriu efni í burðarlag.

Verkið skal unnið skv. meðfylgjandi verklýsingu og teikningum.

Verkkaupi greiðir ekki fyrir þátttöku í verðkönnuninni og hann áskilur sér rétt til að ganga til samninga við hvern þann sem þátt tekur eða hafna öllum.

Undirritaður gerir eftirfarandi tilboð í verkið, fylling og farg :

Heildartilboð kr. _____ m. VSK

Heildartilboð í bókstöfum : _____

_____ m. VSK

Nafn fyrirtækis

Kennitala

Undirskrift bjóðanda og dagsetning

FYLLING OG FARG - YFIRLIT

Verkkaupi:	Ísfélag hf. Tangagata 1, 900 Vestmannaeyjar. kt. 6600169-1219. Langaneshafnir Langanesveg 2, 680 Þórshöfn Kt. 650371-6239 Umsjónaraðili verkkaupa er Siggeir Stefánsson, siggeir@isfelag.is
Umsjónaraðili verðkönnunar:	Helgi Már Pálsson, netfang: helgi.palsson@efla.is , sími: 412 6362 / 898 2445
Opnun tilboða/opnunarstaður:	B.t umsjónaraðila í tölvupósti, fimmtudaginn 4. apríl 2024, fyrir kl. 14:00 í síðasta lagi.
Tegund tilboðs:	Verðkönnun. Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.
Þátttakendur í verðkönnun:	Árni Helgasson ehf. Ólafsfirði Skútaberg ehf. Akureyri
Vettvangsskoðun:	Engin, bjóðendur eru hvattir til að kynna sér aðstæður á verkstað.
Frestur til að taka tilboði:	10 dagar frá tilboðsdegi
Upphaf verksins og undirbúningur:	18. apríl 2024
Upphaf vinnu:	Þegar tilboði hefur verið tekið. Gerður verður verksamningur um verkið.
Verklok fyllingar og fargs:	31. maí 2024
Hreinsun og frágangur í verklok:	7. júní 2024
Verktrygging:	Engin
Geymslufé:	Ekkert
Verðbætur:	Engar
Greiðslufrestir reikninga:	14 dagar
Tafabætur:	Engar

DÝPKUN HAFNARSVÆÐIS – FYLLING OG FARG VERKLÝSING

Efnisyfirlit

0	Yfirlit	1
0.1	Yfirlit yfir verkið	1
0.2	Verðlagsgrundvöllur og greiðslur	1
0.3	Framlag verkkaupa	1
0.4	Almennt um verklýsinguna	2
0.5	Lýsing aðstæðna	2
1	Verklýsing	2
1.1	Aðstaða, rekstur, frágangur og öryggisráðstafanir	2
2	Jarðvinna	3
2.0	Almennt	3
2.1	Uppúrtekt úr smábátahöfn	3
2.2	Upprif malbiks	6
2.3	Grjótvörn fjarlægð og endurröðun	6
2.4	Uppúrtekt á lóð	6
2.5	Losun á klöpp	6
2.6	Fylling burðarlag	7
2.7	Landsstöpull	7
2.8	Sigplötur	8
2.9	Aukaverk	8
2.10	Mynd	9

Teikningaskrá:

XX-1-10-01	Jarðvinna, fylling og farg, ofanmynd og kennisnið. - Útboðsteikning
XX-1-10-02	Jarðvinna, fylling og farg, áfangi I, ofan- og afstöðumynd. Dýpkunarsvæði. - Útboðsteikning
XX-1-10-03	Jarðvinna, grafitræplan, ofan- og afstöðumynd, kennisnið. - Útboðsteikning
XX-1-10-04	Jarðvinna, fylling og farg, áfangi II, ofanmynd og kennisnið. - Útboðsteikning

Vegagerðin:

C 3444	Þórshöfn. Dýptarmæling.
C 3577	Þórshöfn. Borromælingar.
C 3578	Þórshöfn. Borromælingar.
C 3579	Þórshöfn. Borromælingar.

2013-01-JKT-Hafsbót á hafnarsvæði Þórshafna-Breytingar 2002-2012

0 YFIRLIT

0.1 YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Verkið felst í dýpkun með greftri og fyrirhleðslugarði og fyllingu með því efni sem tekið verður upp og uppúrtekt og fargi á fyrirhuguðu byggingarsvæði vegna frystigeymslu fyrir Ísfélag hf. á Þórshöfn.

Verkkaupi er Hafnarsjóður Langanesbyggðar, Langanesveg 2, 680 Þórshöfn, kt.650371-6239 og Ísfélag hf., Tangagata 1, 900 Vestmannaeyjar, kt. 6600169-1219.

Umsjónaraðili verðkönnunar er Helgi Már Pálsson, netfang: helgi.palsson@efla.is, sími: 412 6362 / 8982445.

Tilboði í verkið skulu berast undirrituðu í lokuðu umslagi á skrifstofu Ísfélags hf. á Þórshöfn, eða í tölvupósti til Siggeirs Stefánssonar, netfang: siggeir@isfelag.is eða helgi.palsson@efla.is.

Fyrir kl: 14:00 mánudaginn 8. apríl 2024.

FRYSTIGEYMSLA – FYLLING OG FERGING

TILBOÐ

Bjóðandi: Jón Jónsson ehf.

Hafnargötu 2000

007 Drekabyggð

Verktaki getur hafið vinnu á svæðinu um leið og tilboði hans hefur verið tekið. Verklök eru áætluð 1. júní 2024 eða samkvæmt nánara samkomulagi við Ísfélag hf.

0.2 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR OG GREIDSLUR

Öll verð skulu vera með virðisaukaskatti.

Tilboðsfjárhæð skal vera á föstu verðlagi, sem breytist ekki vegna verðlagsbreytinga.

Reikningur og skilagrein skal lagður inn hjá eftirlitsmanni mánaðarlega eða eftir samkomulagi. Samþykktir reikningar verða síðan greiddir eigi síðar en tveim vikum frá framlagningu reiknings.

Greitt verður eftir framvindu verksins á verkstað, á framkvæmdatímanum er greiðsluhæft 95% af framkvæmdu verki. **Biðgreiðsla 5% greiðist eftir lokaúttekt, tveimur mánuðum eftir verklök**, þ.e. þegar verkkaupi hefur framkvæmt lokaúttekt og athugasemdir lagfærðar (sbr. kafla 4.4 í ÍST 30) og úttektum allra opinberra aðila er lokið og athugasemdir sem þar koma fram hafa verið lagfærðar. Biðgreiðsla verðbætist á sama hátt og aðrar greiðslur í verkinu en ber enga vexti. Reikningsform er háð samþykki verkkaupa.

Verktaki skal leggja fram aðskilda reikninga allra aðila verkkaupa fyrir sig.

0.3 FRAMLAG VERKKAUPA

Verkkaupi útvegar leyfi hjá sveitarfélaginu fyrir dýpkun, fyllingu, fargi og efnistökulcyfi úr námum, og ber kostnað af því og tilnefnir eftirlitsmann. Verkkaupi sér um til upphald, fæði og gistingu í nágrenni vinnusvæði meðan á verkinu stendur. Verkkaupi leggur til siglötur og getur lagt til rafmagn kjósi verktaki að koma með vinnuskúr á svæðið.

12.

0.4 ALMENNT UM VERKLÝSINGUNA

Verklýsingu þessari er ætlað að lýsa verkinu í grófum dráttum. Nákvæmni lýsingar miðast við að verktaki fái yfirlit yfir þau verk sem honum ber að vinna, vinnugæði og meðferð og efnisgæði byggingarefnis eftir því sem við á.

Fara skal í einu og öllu eftir lögum og reglugerðum um framkvæmd og efnisval. Enn fremur skal fara eftir ákvæðum viðeigandi staðla, svo og öðrum þeim reglugerðum, sem gilda um slíkar framkvæmdir.

Allar mælingar mun verkkaupi framkvæma, en verktaka er gefinn kostur á að sannprófa þær.

Verktaki skal við upphaf verksins yfirfara allar teikningar og öll gögn áður en framkvæmdir hefjast og gera eftirlitsmanni aðvart ef eitthvað finnst athugavert.

Kostnaður vegna yfirstjórnar, dagbókar/dagskýrsla, magnmælinga o.þ.h. skal vera innifalinn í einingarverðum.

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið. Í dagbókina skal verktaki einnig skrá fyrirspurnir sínar og ábendingar til eftirlits, og umsýsnarmaður verkkaupa útskýringar sínar. Getur hvor aðili um sig óskað undirritunar hins til staðfestingar á því að þessi skilaboð hafi komist til skila.

Dagbókina skal færa í tvíriti. Eftirlitsmaður skal fá frumrit dagbókarblaða og kvitta fyrir móttöku þeirra. Verktaki heldur afriti.

Tvö hæðarkerfið eru í verkinu, hæðir á landi eru í landshæðarkerfi fyrir fyllingu og farg. Hæðarkerfi í höfninni er 90 cm hærra. Dýpkunarsvæði, þ.m.t. hæðarlínur Vegagerðarinnar eru í hæðarkerfi hafnarinnar eins og fram kemur á teikningu C 3444. Eftirlitsmaður mun vísa á fastmerki og setja upp hæðarpunkta í upphafi verks. Öll hnit eru í Isnet 93. Allar mælingar sem verktaki annast á verkstað ber hann ábyrgð á.

0.5 LÝSING AÐSTÆÐNA

Vinnusvæðið á hafnarsvæðinu Þórshöfn á Langanesi, sunnan við Eyrarveg 3 (Báran) og austan við núverandi frystigeymslu Ísfélagsins Eyrarvegi 12 á Þórshöfn. Gera skal ráð fyrir 10 m breiðri aðkomuleið að hafnarsvæðinu meðfram núverandi frystigeymslu að austanverðu og aðkomu fyrir starfsfólk Ísfélags eins og henni er háttað í dag.

Aðkoma að vinnusvæðinu með fyllingarefni er áætluð eftir fyllingu í höfninni og leggja þarf bráðabirgðaveg í fjöruborði frá dýpkunarsvæði að verkstað og fjarlægja hann síðan í verklök. Áætluð lengd er um 150-200 metrar.

Aðkoma frá Hálsnámu er eftir námuvegi, gegnum þorpið og niður að vinnusvæðinu, meðalfjarlægð u.þ.b. 2 km. Verktaki skal ekki fylla bíla umfram leyfilega þyngd og gæta þess að sóða ekki út þjóðveg og götur bæjarins.

Verktaki tekur við svæðinu sem útboð þetta nær til í núverandi ástandi og eru bjóðendur hvattir til þess að kynna sér vel aðstæður áður en tilboðum er skilað.

1 VERKLÝSING

1.1 AÐSTADA, REKSTUR, FRÁGANGUR OG ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

a) *Verksvið:* Verktaki skal í upphafi verks leggja bráðabirgðaveg út í höfnina. Verktaki skal halda vinnusvæði hreinu og snyrtilegu og hreinsa rusl og efnisafganga reglulega. Umgengni um vinnusvæði skal vera góð og því skilað í góðu ásigkomulagi. Allur búnaður, úrgangur og rusl skal fjarlægt af vinnusvæði í verklök sem og bráðabirgðaveg. Valdi verktaki skemmdum skal hann umsvifalaust tilkynna það eftirlitsaðila og framkvæma lagfæringar í samráði við eftirlitsmann. Verið vart við olíumengaðan jarðveg skal verkið stöðvað og efni fjarlægt og fargað í samráði við eftirlits mann í tímavinnu. Verktaki þarf að taka tillit til sjáfarfalla við vinnu sína á dýpkunar- og fyllingarsvæðum. Reglugerð um hávaða

<https://island.is/reglugerdir/nr/0724-2008> gildir fyrir vinnusvæði, tafla IV. Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda.

Verktaki skal annast og kosta allar öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi vegna vinnu hans á vinnusvæðinu, s.s. merkja bratta kanta, djúpa skurði eða holur með keilur og borða til að minnka fallhættu.

Allir starfsmenn á vinnusvæðinu skulu vera í viðurkenndum sýnileikafatnaði, með öryggishjálmi og í öryggisskóm. Öll tæki á vinnusvæðinu skulu vera með blikkandi ljós.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráð-stafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996) sem tóku gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II. kafla þessara reglna er sú skylda lögð á aðalverktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. tölulið 3. gr. í reglum þessum þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eins og við á hverju sinni. Bent er á “Fræðslu- og leiðbeiningarrít nr. 17” útgefið af Vinnueftirliti ríkisins árið 2002. Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlits ríkisins hverju sinni.

Við brot á þeim reglum sem settar eru fram varðandi öryggismál áskilur verkkaupi sér rétt til að vísa starfsmanni eða starfsmönnum, sem brotlegir eru, af vinnusvæðinu og/eða fresta greiðslum þar til bætt hefur verið úr þeim öryggisatriðum sem áfátt er í einhverjum atriðum.

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið. Í dagbókina skal verktaki einnig skrá fyrirspurnir sínar og á-bendingar til eftirlits, og umsjónarmaður verkkaupa útskýringar sínar. Getur hvor aðili um sig óskað undirritunar hins til staðfestingar á því að þessi skilaboð hafi komist til skila.

Uppgjör, mælieiningar: Kostnaður við aðstöðu, gera bráðabirgðaveg, tiltekt á framkvæmdasvæðinu og öryggisráðstafanir, fjarlægja bráðabirgðaveg og tiltekt í verklok skal innifalið í aðstöðusköpun.

Allur kostnaður við mælingar, þar með talið mælitæki og uppsetningar skráa fyrir mælitæki skal vera innifalinn í heildarverði mælinga.

2 JARÐVINNA

2.0 ALMENNT

Verktaki skal ljúka allri jarðvinnu eins og lýst er á teikningum og í verklýsingu.

Verkkaupi leggur til útsetningargögn fyrir verkið, annast eftirlitsmælingar og mælingar á siglötum og staðsetur þær.

2.1 UPPÚRTEKT ÚR SMÁBÁTAHÖFN

Graftrarsvæði.

Svæðin sem afmörkuð eru á teikningum C 3444 og XX-1-10-04 skal dýpka niður í þá kóta sem uppgfnir eru á áðurnefndum teikningum.

Um er að ræða tvö dýpkunarsvæði.

Dýpkunarsvæði I.

Flatarmál svæðisins er 3.320 m², það skal dýpka í kóta -2,5 m heildarrúmmál dýpkunarefnis er áætlað um 6.000 m³. Fjarlægja skal laust efni.

Dýpkunarsvæði II.

Flatarmál svæðisins er 3.800 m², það skal dýpka í kóta -4,0 m heildarrúmmál dýpkunarefnis er áætlað um 9.000 m³. Fjarlægja skal laust og fast efni.

Nákvæmniskröfur fyrir dýpkun

Á teikningum C 3444 og XX-1-10-02 eru gefnar markalínur dýpkunarsvæða og kótar sem dýpka skal í. Dýpi eftir dýpkun skal vera í uppgefnum kóta. Ekki verður greitt fyrir efni, sem dýpkað verður undir tilskildum kóta. Ekki verður heldur greitt fyrir dýpkun á svæðum sem eru utan við uppgefnar markalínur, en greitt er fyrir efni í fláum samkvæmt sniði (greiðslumörk) sem sýnd eru á teikningum C 3444 og XX-1-10-02 Fláar skulu ekki vera brattari en þar er sýnt.

Magntölur verða reiknaðar miðað við dýptarmælingu fyrir dýpkun og mörk dýpkunarsvæða og uppgefna kóta á teikningum C 3444, eða dýptarmælingu eftir dýpkun, ef uppgefnum kóta hefur ekki verið náð. Innan svæðis 1 skal dýpka í að lágmarki -2,5 m en greitt verður fyrir dýpkun niður í kóta -3,0 m. Ekki á að fjarlægja fast efni neðan við kóta -2,5 m á svæði 1. Innan svæðis 2 skal dýpka í að lágmarki -3,5 m en greitt verður fyrir dýpkun niður í kóta -4, m. Ekki á að fjarlægja fast efni neðan við kóta -3,5 m á svæði 2. Gert er ráð fyrir að allt dýpkunar efni sé laust efni en ef fastur botn reynist til staðar skal verktaki fjarlægja hann með rippun eða fleygun á einingarverði gefnu fyrir fast efni.

a) Laust efni.

Þá er miðað við að lágmarksþyngd gröfu sé um 65 tonn og að lágmarks brotkraftur skóflu á gröfu sé 250 kN. Náist ekki tilskilið dýpi samkvæmt teikningu með sambærilegu tæki eða öflugra skal grafið niður á klapparbotn. Reynist fyrirstaða vera einhversstaðar á dýpkunarsvæðinu, skal strax tilkynna um það skriflega til verkkaupa og gefa upp stærð og staðsetningu svæðis sem um er að ræða. Greitt verður fyrir losun á föstu efni samkvæmt taxa fyrir fast efni. Ef eitthvað laust efni verður eftir ofan grafrarmarka við úttekt mun verkkaupi draga það frá greiðslu á **tvöföldu einingaverði samnings** eða að verktaki fjarlægji það.

b) Fast efni fjarlægt innan markalína niður á hönnunardýpi, sem fram kemur á teikningu.

Dýpi eftir dýpkun skal hvergi vera minna en uppgefið hönnunardýpi á dýpkunarsvæðum. Verktaki skal sjálfur ákveða nauðsynlega yfirdýpkun og vikmörk utan markalína dýpkunarsvæða. Fláar skulu ekki vera brattari en sýnt er á teikningum. Ef eitthvað efni verður eftir ofan grafrarmarka við úttekt, en þó þannig að ekki sé talin þörf á að fjarlægja það, mun verkkaupi draga það frá greiðslu á **tvöföldu einingaverði samnings**. Ekki verður greitt fyrir yfirdýpkun eða dýpkun út fyrir mörk grafsvæðis. Verktaki skal fjarlægja allt efni innan markalína dýpkunarsvæða 1 og 2 samkvæmt hnitaskrá á teikningum C 3444 og XX-1-10-02. Ef eitthvað efni verður eftir ofan dýpkunarkóta við úttekt, getur verkkaupi ákveðið að það magn sem er ofan við dýpkunarmörk verði dregið frá greiðslu á **tvöföldu einingaverði samnings** eða að verktaki fjarlægji það.

Lokaúttekt og yfirtaka.

Verkið verður tekið út eftir að því lýkur með nákvæmri skoðun og mælingu. Verktaka er skylt að lagfæra galla sem ekki er í samræmi við verklýsingu og teikningar. Verktaka eða umboðsmanni hans verður tilkynnt um hvenær úttekt fer fram og er honum heimilt að vera viðstaddur hana og skoða athuganir og mælingar sem notaðar verða við lokaúttektina. Ef verkið er fullnægjandi og í samræmi við verklýsingu og teikningar verður það samþykkt. **Ekki er greitt fyrir efni utan hönnunarlínu.**

Afsetning efnis

Verksvið: Innifalið í verkþættinum er að losa og moka upp gröfu efni úr dýpkunarsvæði hafnarinnar og losa það annarsvegar í fyllingu og hinsvegar í farg á fyrirhugðu byggingarsvæði fyrir frystigeymslu samkvæmt teikningu XX-1-10-01. Efnið er í sjó, getur verið fast og nota þarf öfluga gröfu við mokstur, jafnvel losa gróft efni með rippun.

c) Gæði vinnu: Verktaki skal gæta þess við gróft og fyllingu að efni berist ekki í smábátahöfn. Þjappa skal efni í lögum eftir að fylling er komin upp úr sjó og þar til hún er í hæðinni 1.25 m, en efni sem fer í farg þarf ekki að þjappa.

Steinastærð taki mið af þykkt fyllingar, steinar séu ekki stærri en 2/3 af lagþykkt þykkt fyllingar, eftir að byrjað er að leggja út fyllingu í hæfilegum lagþykktum og þjappa. Kornadreifing hvers lags skal þannig háttáð að ekki sé hætta á að finni efni úr einu lagi gangi inn í grófara efni í næsta lagi undir eða yfir. Hámarks lagþykkt er 0,6 m og hvert lag þjappað. Í töflu hér að neðan kemur fram minnsti fjöldi yfirferða fyrir ákveðna lagþykkt og tæki.

Tæki til þjöppunar	Þungi (tonn)	Lagþykkt (cm)	Fjöldi yfirferða
Víbrókefli	3-5	20	3
		30	4
		40	6
Víbróvaltari	5-9	30	4
		40	5
		50	7
Víbrovaltari	10	60	5

Ætíð skal haga þjöppun þannig að hún valdi ekki óeðlilega miklu niðurbroti á því efni sem þjappa skal. Fyllingarefnið skal lagt út í lögum og hvert lag vökvað og þjappað blautt með víbrovaltara. Sérstök aðgát skal höfð þegar þjappað er nálægt mannvirkjum.

Vetraraðstæður: Í frosti og eftir frostkafla má ekki vinna við fyllingar nema með leyfi fulltrúa verkkaupa. Skilyrði fyrir slíku leyfi eru m.a. að ekki séu frosnir kögglar í fyllingarefninu og að efnið sé þjappað ófrosið. Hætta skal vinnu við fyllingar, ef ætla má að ís og/eða snjór blandist fyllingarefninu. Hreinsa skal vandlega allan ís og snjó af yfirborði, sem fylla skal á, áður en fyllt er.

e) Nákvæmniskröfur: Fyllingu skal skila í útsettri hæð +/- 20 cm.

f) Uppgjör, mælieiningar: Magntölur eru m³ af upp gröfðu og frágengnu efni í stoðfyllingu l. innan markalína á teikningu. Í rúmmetraverði dýpkunar skal vera allur kostnaður við að fjarlægja fast og laust efni af botni og annað sem þarf til að dýpka í tilskilið dýpi og koma efninu fyrir á losunarstað.

2.2 UPPRIF MALBIKS

Verksvið: Innifalið í verkþættinum er að skera og fjarlægja malbik. Malbiki sem rífið er upp skal farga á viðurkenndan hátt eða koma í endurnýtingu t.d. með vinnslu á malbiksbroti til fyllinga eða stígagerðar. Til að byrja með má geyma malbik/malbiksfræs á geymslusvæði Ísfélagsins norðan fiskimjölsværsmiðju. Við verkmörk við núverandi frystigeymslu skal verktaki skera malbik eftir beinni línu til að samskeyti verði sem snyrtilegust. Þykkt malbiks er upp. 50mm.

c) *Gæði vinnu:* Verktaki gæti snyrtimennsku við uppgröft, fjarlægja efni jafnóðum og skal sjá til þess að hvergi berist uppmokstur inn á götur.

f) *Uppgjör, mælieiningar:* Magn er í m² af malbiki sem þarf að rífa upp. Skurður er áætlaður um 90 m langur og skal kostnaður við hann vera innifalinn í einingarverði.

2.3 GRJÓTVÖRN FJARLÆGD OG ENDURRÖÐUN

Verksvið: Innifalið í verkþættinum er að taka upp núverandi grjótvörn á móts við landfyllingu, stærðarflokka hana og haugsetja tímabundið á lóð Ísfélagsins norðan við frystihús eða öðrum stað á framkvæmdasvæðinu í nánara samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Grjótinu verður síðan endurraðað utan á nýja fyllingu eins og teikningar sína.

Í þessum verklíð er einnig liður við að koma fyrir nýrri grjótvörn sem fæst úr kjarna og flokkuðu grjóti sem unnið verður í Hálsnámu og flutt þaðan að verkstað. Það efni sem er undir viðmiðunarsteinum grjóttvarar flokkast sem kjarni.

c) *Gæði vinnu:* Stærðarflokkun skal gerð í samráði við hönnuði eða eftirlitsmenn og koma skal fyrir viðmiðunarsteinum á báðum svæðum. Sturta má kjarna á fyllingarfláann og jafna honum síðan út þannig að yfirborð hans verði í hönnunarfláanum, áður en grjóti er raðað út á hann í einu lagi þannig að hann fylgji hönnunarlínum á teikningum. Verktaki gæti snyrtimennsku við upptekt og flytja á efni jafnóðum á geymslusvæði og sjá til þess að hvergi berist uppmokstur inn á götur.

e) *Nákvæmniskröfur:* Fyllingu skal skila í útsettri hæð +/- 10 cm.

f) *Uppgjör, mælieiningar:* Magn er í m³ af grjótvörn sem þarf að taka upp eða vinna í námu, flytja, flokka, raða og/eða endurraða og er miðað við ytra rúmmál þ.e. með holrýmd eins og grjótvörn mælist óhreyfð í grjóttgarði.

2.4 UPPÚRTEKT Á LÓÐ

a) *Verksvið:* Innifalið í verkþættinum er að út grafa fyrir burðarlagi og flytja til efni sem er á fyrirhuguðu byggingarsvæði lóðar austan við núverandi frystigeymslu og koma því á stoðfyllingu I.

e) *Nákvæmniskröfur:* Stoðfyllingu skal skila í útsettri hæð +/- 10 cm.

f) *Uppgjör, mælieiningar:* Magntölur eru m³. Verktaki og eftirlitsmaður mæla uppúrtekt sem flutt er innan lóðar í sameiningu og verður greitt samkvæmt þeirri mælingu.

2.5 LOSUN Á KLÖPP

a) *Verksvið:* Þar sem fast berg eru á dýpkunarsvæðum 1 og 2 skal fjarlægja hana. Skilgreining á hvar sé klöpp eða fast berg telst vera þar sem að 35 tonna beltagrafa með tennta skóflu nær ekki að losa 10 m³ /klst. Klöpp skal fleyga, rífa með gröfu eða ríppa. Ekki á að fjarlægja fast efni neðan við kóta -2,5 m á svæði 1 og ekki neðan við kóta -3,5 m á svæði 2.

f) *Uppgjör, mælieiningar:* Magntölur eru m³. Greiðsla fyrir losun klappar á dýpkunarsvæði er viðbótargreiðsla við uppúrtekt á lausu efni af dýpkunarsvæðum. Greitt er ákveðið verð fyrir

losun á mældum rúmmetrum af óhreyfðu bergi. Verktaki og eftirlitsmaður mæla sameiginlega magn á klöpp.

2.6 Fylling burðarlag

a) *Verksvið:* Innifalið í verkþættinum er að losa og vinna burðarlagsefni í Hálsnámu, grjótnám við Þórshöfn og ganga frá burðarlagi í grunn fyrir frystigeymslu. Grundun er í samræmi við ÍST EN 1997 - 1 og íslensk þjóðarskjöl. Byggingin verður grunduð grófri þjappaðri frostfríri fyllingu.

b) *Efniskröfur:* Verktaki vinnur frostfrítt brotið 0-100 burðarlagsefni í burðarlag úr Hálsnámu samkvæmt töflu 14.4.2. í Alverk '95. Þær kröfur eru gerðar um kornadreifingu að finefni undir 0,074 mm sé ekki yfir 3%, hún sé sem jöfnust og að þjöppunarhæfi sé nægjanlegt fyrir viðkomandi efni.

Um fyllingar skal gilda að þær séu úr burðarhæfu, þjappanlegu, ólífrænu og frostþolnu steinefni með góðri kornadreifingu. Stærsti steinn má ekki vera stærri en 2/3 af lagþykkt en stærsti steinn skal þó ekki vera stærri en 15 cm í þvermál Kornadreifing hvers lags skal þannig háttað að ekki sé hætt á að finni efni úr einu lagi gangi inn í grófara efni í næsta lagi undir eða yfir. Hámarks lagþykkt er 0,6 m og hvert lag þjappað.

Undir undirstöður byggingar skal fylla með burðarhæfu efni minnst 50 mm undir neðri brún sökkla og jafna síðan undir þá með lagi af unninni fyllingu með mestu kornastærð 25 mm og sem þjöppuð er vandlega, eða með þrífalag úr steypu (minnst C25/30). Undir botnplötu og að sökklum skal fylla með valinni malarfyllingu og þjappa í hæfilegum lagþykktum.

c) *Gæði vinnu:* Verktaki vinnur og sækir efni í Hálsnámu við Þórshöfn, fastanúmer 19932 og ganga frá burðarlagi í grunn. Malarfylling skal unnin skv. Alverk '95, kafla 52c) og skv. þjöppunarkröfu 4. Aðra tilhögun skal fá samþykkt af eftirliti. Sérstök aðgát skal höfð þegar þjappað er nálægt mannvirkjum. Næst veggjum skal nota plötupjöppu og þjappa í lögum við hæfilegt rakastig á hvert lag. Í töflu í kafla 2.3 kemur fram minnsti fjöldi yfirferða fyrir ákveðna lagþykkt og tæki. Sérstök aðgát skal höfð þegar þjappað er nálægt mannvirkjum.

Auk krafna um fjölda yfirferða skal fylling uppfylla eftirfarandi kröfur um þjöppun. Þjöppun skal mæld fyrir hverja 500 m². Við mat á þjöppun er miðað við þjöppunarpróf með plötuprófi þar sem notuð er plata með 45 cm þvermál. Hæsta álag skal vera 0,4 MPa. Fylling undir húsi skal uppfylla eftirfarandi kröfur: $E2 > 120 \text{ N/mm}^2$ (1200 kg/cm²) og $E2/E1 < 2,3$. Sé notuð önnur plötustærð og/eða annað hámarksálag en tilgreint er að framan, skal leggja fram útreikninga sem sýni fram á að ofangreind skilyrði séu uppfyllt.

e) *Nákvæmniskröfur:* Fyllingu skal skila í útsettri hæð +/- 5 cm.

f) *Uppgjör, mælieiningar:* Magntölur eru m³. Verkkaupi og verktaki mæla í sameiningu yfirborð á grunni fyrirhugaðrar byggingar áður en byrjað er að sækja efnið og síðan endanlegt yfirborð burðarlagsins þegar allt efni er komið á sinn stað. Magn verður reiknað og greitt út frá mælingum.

2.7 Landsstöpull

Verksvið: Innifalið í verkþættinum er að grafa frá og losa núverandi steypu landsstöpul, hífa hann upp og flytja hann til hliðar við framkvæmdasvæðið þannig að hann verði ekki fyrir eða hljóti tjón af. Jafna skal síðan undir landstöpulinn á nýjum stað á garðinum þannig að hann sitji jafn á öllum fletinum og í réttri hæð. Síðan er fyllt að honum með efni og grjót aðlagð að honum. Áætluð þyngd á landsstöpli er um 16,0 tonn.

b) *Efniskröfur:* Efni skal vera frostfrítt og kornadreifing þannig að auðvelt verði að jafna það út og þjappa þannig að botn steypa landstöpulsins sitji örugglega.

- e) *Nákvæmniskröfur*: Fyllingu undir landstöpul skal skila í útsettri hæð ± 1 cm.
- f) *Uppgjör, mælieiningar*: Magntölur eru heild og greitt er fyrir að fjarlægja landstöpulinn, koma honum á geymslusvæði hafnarinnar og setja hann upp aftur.

2.8 SIGPLÖTUR

- a) *Verksvið*: Innifalið í verkþættinum er að koma fyrir sigplötum í fargið í samráði við eftirlitsmann og merkja með keilum.
- b) *Efniskröfur*: Verkkaupi leggur til sigplötur.
- c) *Gæði vinnu*: Verktaki kemur sigplötunum fyrir samkvæmt fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa og merkja með keilum. Þegar plötunum hefur verið komið fyrir skal það tilkynnt verkaupa sem mun innmæla þær og fylgjast svo með þeim í framhaldinu. Haga skal fyllingarvinnu kringum sigplötur þannig að þær verði ekki fyrir hnjaski eftir að fyllt hefur verið að þeim.
- e) *Nákvæmniskröfur*: Sigplötur verða innmældar af verkaupa.
- f) *Uppgjör, mælieiningar*: Magntölur eru stk.

2.9 AUKAVERK

- a) *Verksvið*: Í verki sem þessu má reikna með einhverjum aukaverkum.
- Þjóðandi skal bjóða í vinnu verka- og tækjamanna og tækja skv. magnskrá við slík aukaverk. Taxtar skulu vera jafnaðartaxtar og ekki verður greitt aukalega þótt unnið sé utan dagvinnutíma. Taxtarnir skulu innifela allan kostnað, svo sem allar samnings- og lögbundnar greiðslur ofan á laun, virðisaukaskatt, ferðir, álagningu, verkstjórn, kostnað vegna almennra handverkfæra o.s.frv. Þessir liðir verða teknir með í samanburði tilboða og verða hluti samningsins, en þó án þess að þeir komi til greiðslu nema um það verði samið vegna aukavinnu sem verkkaupi óskar eftir að verði unnin.
- Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.
- Verið vart við olfúmengaðan jarðveg skal verkið stöðvað og efni fjarlægt og fargað í samráði við eftirlitsmann í tímavinnu.
- f) *Uppgjör, mælieiningar*: Magntölur eru í klst. Innifalið í einingarverðum skal allur kostnaður verktaka af vinnu manna sinna og tækja, þ.m.t. ferðakostnaður.

2.10 MYND



TILBOÐSBLAÐ

ÍSFÉLAG hf. Og Langaneshafniróskar óska eftir tilboði í dýpkun á hafnarsvæði smábátahafnar, endurgerð grjótgarðs og fyllingu og fergingu vegna l. áfanga frystigeymslu á lóð fyrirtækissins, Eyrarvegi 12 á Þórshöfn.

Óskað eftir tilboði dýpkun hafnarsvæðis og fyllingu og fergingu með grófu efni úr dýpkunarsvæði í Þórshafnarhöfn, jarðvegsskipti í byggingarsvæði og aðkeyrðu brotnu frostfríu efni í burðarlag.

Verkið skal unnið skv. meðfylgjandi verklýsingu og teikningum.

Verkkaupi greiðir ekki fyrir þátttöku í verðkönnuninni og hann áskilur sér rétt til að ganga til samninga við hvern þann sem þátt tekur eða hafna öllum.

Undirritaður gerir eftirfarandi tilboð í verkið, fylling og farg :

Heildartilboð kr. 144.660.000 m. VSK

Heildartilboð í bókstöfum : EITT HUNDRAÐ FJÖRTÍU OG FJÓRA ÆMILLJÓNUM
SEX HUNDRUÐ OG SEX TUPUSUND KRÓNUR m. VSK

SKÚTABERG EHF

Nafn fyrirtækis

510108-0350

Kennitala

Skútaberg ehf.
Kt. 510108-0350

Margrét Konráðsdóttir

Undirskrift bjóðanda og dagsetning

04.04.2024

Bryggjuvegur Þórshöfn, Langanesbyggð**Frumkostnaðaráætlun vegar.**

Dags: jún.25

Gert: BS

Forsendur:

Gert ráð fyrir að saga upp steypð plan við Fjarðaveg og jarðvegsskipta 1m undir vegi þar.

Gangstétt verði frá Fjarðavegi niður að hafnarsvæði

Kantsteinar beggja vegna vegar niður að hafnarsvæði

Regnvatnslögn í götu frá Fjarðavegi niður að hafnarsvæði

Liður	Magn	Eining	Ein. verð	Verð alls
Upprif steyppts plans	184 m ²		8 400	1 545 600
Upprif steyptrar eyju v. Fjarvaeg	23 m		15 000	345 000
Gröftur ónothæfs efnis	184 m ³		2 000	368 000
Neðra burðarlag	450 m ³		4 100	1 845 000
Efra burðarlag	260 m ³		10 700	2 782 000
Malbik 6cm	1241 m ²		9 000	11 169 000
Jarðvinna v. lagna	60 m		10 000	600 000
Regnvatnslögn 250mm	60 m		12 000	720 000
Kantsteinar	120 m		18 000	2 160 000
Gangstétt	120 m ²		17 100	2 052 000
Vegmálun	1 Ht		1 000 000	1 000 000
Samtals áætlaðir liðir				25 306 600
Ófyrirséð	15% %			3 795 990
Hönnun/umsjón	10% %			2 530 660
Frumkostnaðaráætlun samtals með vsk				31 633 250

25.2.2025

Vegagerðin
Hafnadeild

Langanesbyggð, Þórshöfn

Kostnaðaráætlun - HARÐVIÐARBRYGGJU

Verknúmer: OH677-09

Verkkaupa: Hafnarstjórn Langaneshafna

Gert af: RK/FG

dags.: 24.2.2025

VERKLÝSING

Harðviðurbryggja úr Greenheart harðvið, bryggjukoti í +3,1m og hönnunardýpi -2,5m. Bryggjulengd er um 90m með einfalda stauraröð c/c 3m milli staura (furu ø250mm rafmagnstaura), landveggur, tvöfaldar efri tangir (100x200mm) og einföld neðri töng (100x125mm), krossar/skástifur (100x125mm, c/c 6m), dekkbitar (100x125mm, c/c 1m) og rásuð dekkklæðing (75x175mm, c/c 190). Framan á bryggju eru sett langbönd (100x125mm) og þybbuklæðing (75x175mm, c/c 350) ásamt öryggusstiga. Gert er ráð fyrir uppsetningu á DD200 fenders, L=2,7m um c/c 1m og 25-30 t járnsteypu polla um c/c 6m á bryggju og kanttré (200x200mm). Gert er ráð fyrir rafmagnsskáp og vatn á 3. stöðum á bryggju, ásamt efniskaup tenglaskápa, vatnsbrunna, lagnir, tenglar, stigarljós, ljósamöstur, kastara, undirstöður o.s.fr.

Ekki innifalið í kostnaðaráætlun eru: efniskaup bryggjustaura, staurarekstur, landfylling og grjóttflái þar sem þessir verkliðir er nú þegar lokið og mögulega auka kostnað vegna lagfæringar/afstilling bryggjustaura áður en bryggjusmiði hefst.

Áætlaður kostnaður v. verkefnastjórn er hlutfall (%) af heildar áætlaðuðum framkvæmdakostnað.

	Magn	Ein	Ein. verð m. vsk	Heild m. vsk (m.kr.)
VERKEFNASTJÓRN				
Undirbúningur, skipulag, (for)hönnun, útboðsgögn o.fl.	1	heild	2,0%	3,4
Rannsóknir, jarðtækni, mælingar o.fl.	1	heild	1,0%	1,7
Umsjón og ráðgjöf	1	heild	5,0%	8,5
Kostnaður við Verkefnastjórn:				13,7

EFNISKAUP

Burðarvirki	Harðviður, Greenheart	42	m ³	381.000 kr.	16,0
Dekklæðing	Harðviður, Greenheart	32	m ³	381.000 kr.	12,3
DD fenders	DD200, L=2,7m 90 stk	243	m	68.000 kr.	16,5
Pollar (járnsteypu)	25 - 30 T	16	stk	75.000 kr.	1,2
Boltaefni		1	heild	-	2,8
Ljósamastur	16m	2	stk	1.200.000 kr.	2,4
Kastarar og festningar		4	stk	275.000 kr.	1,1
Stigarljós		6	stk	55.000 kr.	0,3
Tenglaskápar		3	stk	300.000 kr.	0,9
Vatnsbrunnur og brunnbox		3	stk	250.000 kr.	0,8
Ófyrirséð:				5%	2,7
Kostnaður við Efniskaup:					57,1

23. 1

FRAMKVÆMDIR				
Aðstöðusköpun og verklok	1	heild	-	12,3
Steyptur landveggur				
Jarðvinna undir landvegg	90	m	25.000 kr.	2,3
Steypumót	360	m ²	55.000 kr.	19,8
Bendistál	12.600	kg	950 kr.	12,0
Innsteyptur UNP skúffu fyrir töngum	90	stk	65.000 kr.	5,9
Steypa (C40/50)	129	m ³	120.000 kr.	15,5
Undirstaða ljósamasturs				
Bygging og frágangur	2	stk	850.000 kr.	1,7
Steypumót	18	m ²	55.000 kr.	1,0
Bendistál	800	kg	950 kr.	0,8
Steypa (C40/50)	6	m ³	120.000 kr.	0,7
Uppsetning masturs	2	stk	250.000 kr.	0,5
Bryggjusmiði - Burðarvirki				
Tvöfaldar efri tangir	30	sett	225.000 kr.	6,8
Einföld neðri töng	30	stk	150.000 kr.	4,5
Krossstífur	15	stk	200.000 kr.	3,0
Dekkbítar og laskar	540	m	18.000 kr.	9,7
Kantbiti	90	m	25.000 kr.	2,3
Kanttré	95	m	28.000 kr.	2,7
Dekkklaðning	450	m ²	35.000 kr.	15,8
Langband	270	m	18.000 kr.	4,9
Þybbuklaðning	90	m	18.000 kr.	1,6
Stigar	6	stk	450.000 kr.	2,7
DD fender uppsetning	90	stk	100.000 kr.	9,0
Vatn og rafmagns				
Tenging og uppseting vatns	1	heild	-	6,8
Tenging og uppseting rafbúnaðs	1	heild	-	13,5
Ófyrirséð:			10%	15,5
Framkvæmdakostnaður við trébryggju:				171,0
Heildarkostnaðuráætlun:				241,7
Þar af vsk:			24%	46,8

24.



INNFAERT

0 6. ágú. 2020

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Skjal nr. C
Móttekið til þinglýsingar

0 5. ágú. 2020

Frumrit stimplað með
kr.

LÓÐARLEIGUSAMNINGUR

Í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar Langanesbyggðar 28. maí 2015 gera sveitarfélagið Langanesbyggð, kt. 420369-1749, Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn, hér eftir nefnt **leigusali eða sveitarfélagið**, og Ísfélag Vestmannaeyja hf., kt. 660169-1219, hér eftir nefndur **leigutaki**, með sér svofelldan

LÓÐARLEIGUSAMNING

um leigu á byggingarlóð að Eyrarvegi 12, Langanesbyggð.

1. HIÐ LEIGÐA

1.1 Hin leigða lóð er 11.695 m² að flatarmáli eins og sýnt er á meðfylgjandi lóðarblaði, dags. 16. júlí 2020. Landnúmer lóðar er 154627. Lóðin er undir og umhverfis húsnæði Ísfélags Vestmannaeyja hf. Leigutaki hefur kynnt sér ástand lóðarinnar og sættir sig við það að öllu leyti. Jafnframt falla úr gildi eldri lóðarsamningar; um Eyrarveg 16 fnr. 216-7747, landnr. 154629 gerður við Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. dags. 08.12.1978 og Eyrarveg 12 fnr. 216-7746, landnr. 154627 gerður við Vilhjálm Sigtryggsson dags. 25.10.1961.

2. AFNOT HINS LEIGÐA

2.1 Lóðin er seld á leigu til bygginga og hverskonar afnota annarra, í samræmi við aðal- og deiliskipulag Langanesbyggðar, eins og um eign væri að ræða.

3. KVAÐIR OG FLEIRA

3.1 Lóðarhafi er skyldugur til að hafa bílastæði innan lóðarmarka samkvæmt samþykktum teikningum um lóðina, ákvæðum viðeigandi laga, reglugerða og skipulags.

3.2 Við gróðursetningu trjáa og runna sem og uppsetningu girðingar á lóð skal fara eftir fyrirmælum gildandi byggingarreglugerða og skipulags.

3.3 Sveitarstjórn er heimilt að leggja fráveitulagnir, vatnsæðar, rafveitutaugar og annað því um líkt um lóðina, án endurgjalds, en sé lóð eða mannvirkjum spillt með því, komi bætur fyrir, eftir samkomulagi eða mati.

4. LÓÐARGJÖLD

4.1 Leigutaki greiðir lóðargjöld til sveitarsjóðs af hinni leigðu lóð, samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða, eins og hún væri ekki eign sveitarsjóðs.

25.

5. LÓÐARLEIGA – GJALDDAGI LEIGU

- 5.1 Leigutaki skal greiða sveitarsjóði ársleigu af lóðinni samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar um lóðarleigu á hverjum tíma. Samkvæmt núgildandi samþykktum er ársleiga af atvinnulóð 2.5 % af fasteignamati hennar.
- 5.2 Gjaldldagi leigunnar er sá sami og gjaldldagi fasteignagjalda, í fyrsta sinn á árinu 2020. Leigan er tryggð með forgangsveðrétti í leiguréttindum leigutaka, húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á gjaldldaga, má til lúkingar gera fjárnám í leiguréttindum, húsum og mannvirkjum á lóðinni, án dóms eða sáttar, samkv. 7. tl. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför eða selja veðið án dóms, sáttar eða aðfarar samkv. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

6. SKATTAR OG OPINBER GJÖLD

- 6.1 Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld af lóðinni til hins opinbera, sem kunna að verða lagðir á leigulóðina sem gjaldstofn, t.a.m. fasteignaskatta.

7. FRAMSAÐ LEIGURÉTTAR – VEÐSETNING – ÞINGLÝSING

- 7.1 Leigutaka er heimilt að selja og/eða veðsetja leigurétt sinn að lóðinni samkvæmt samningi þessum ásamt húsum sínum og mannvirkjum á lóðinni. Skyld er leigutaka að láta þinglýsa samningi þessum á lóðina á sinn kostnað. Hafi samningnum ekki verið þinglýst innan 14 daga frá undirritun er sveitarstjórn heimilt að láta þinglýsa samningnum á kostnað leigutaka. Framleiga á leiguréttindum til þriðja aðila er óheimil.

8. LEIGUTÍMI

- 8.1 Lóðin er leigð til 30 ára frá undirritun samnings þessa.
- 8.2 Til kynni sveitarfélagið ekki með a.m.k. þriggja ára fyrirvara að það hyggist ekki endurnýja samning þennan, framlengist hann sjálfkrafa um 15 ár í senn.
- 8.3 Vilji sveitarstjórn að loknum leigutímanum ekki endurnýja eða gera nýjan lóðarleigusamning við lóðarhafa, og á jörðinni standa mannvirki, skal sveitarfélagið greiða lóðarhafa sannvirði mannvirkjanna eftir mati dómkvaddra matsmanna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna.

9. ÁGREININGSMÁL

- 9.1 Rísi mál út af leigusamningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

10. ANNAÐ.

- 10.1 Lóðarleigusamningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum, heldur hvor aðili sínu eintaki og hið þriðja skjal vera á löggildum skjalapappír og skal leigutaki láta þinglýsa því eintaki.


10.2 Við undirritun lóðarleigusamnings þessa eru allir eldri lóðarleigusamningar milli aðila, sem kunna að varða hið leigða, úr gildi fallnir.

10.3 Hjalagt: Afstöðuuppráttur lóðar dags. 16. júlí 2020.

Langesbyggð, 20. júlí 2020

f.h. leigusala

Langesbyggðar


Sveitarstjóri
Langesbyggðar
Jónas Egilsson sveitarstjóri

f.h. leigutaka


Ísfélags Vestmannaeyja hf.


Stefán Friðriksson, frkvstj.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


Nafn og kt. 191280-3699


Nafn og kt. 020358349



 Ný lóðamörk
 Flatarmál lóðar

Eyrarvegur 12, flatarmál 11695 m²

0 10 20 40 m

Hnitaskrá

nr.	x	y	nr.	x	y
1	664902.98	638287.41	7	664978.08	638137.42
2	664964.43	638272.11	8	664929.85	638139.45
3	664958.56	638246.74	9	664868.01	638154.85
4	664963.92	638231.99	10	664863.64	638162.12
5	664953.32	638189.26	11	664874.53	638205.90
6	664984.80	638181.47	12	664882.20	638203.98



Teiknastofa Norðurlands
 Glarárgeisla 32 600 Akureyri
 Hólmastöð: tsni.is



Eyrarvegur 12
 680 Þórshöfn, Langanesbyggð

Lóðarblað

KVARDI A4 1:1000 DAGS, 16. júlí 2020

TEIKNAD: AKG

28.

[Handwritten signature]